

**Eyjafjarðardeild Rauða krossins, stjórnarfundur í Viðjulundi, Akureyri,
miðvikudaginn 10. september 2025 kl. 17:00**

Fundargerð

Mætt: Þorsteinn K. Björnsson, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Eva Hrund Einarsdóttir, Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir, Kristjana V. Valgeirsdóttir, Lárus H. Sigurðsson og Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri.

Boðuð forföll: Gunnar Már Gunnarsson og Kári F. Lárusson
Mætti ekki: Helga Margrét Freysdóttir

1. Stöðugildi í flóttamannaverkefninu.

Deildarstjóri fór yfir stöðu með tilliti til fjármagns í verkefninu. Deildarstjóri leggur til að það séu tvö stöðugildi út júní í verkefninu og staðan metin fyrir þann tíma. Þá er gert ráð fyrir að 3-4 milljónir fari aukalega í verkefnið.

Stjórn samþykkir framlagða tillögu.

2. Leigusamningur.

Leigusamningur á syðsta enda hússins í Viðjulundi fellur úr gildi um næstu áramót.

Stjórn samþykkir að bjóða núverandi leigutaka áframhaldandi samning til eins árs.

3. Kaup á ofn fyrir eldhúsið í Viðjulundi.

Stjórn samþykkir kaup á ofni upp á 1.5 milljón í eldhús í sal.

4. Viðhald á húsnæði.

Deildarstjóri fór yfir stöðu viðhaldsverkefna. Málningavinnu er að mestu leiti lokið fyrir utan hluta sem þarf að gera viðgerð á. Áætlað er að ljúka þeirri málningavinnu á næsta ári og lækkar kostnaður þessa árs sem því nemur. Kostnaður á málningavinnu á þessu ári eru 3.4 milljónir. Skoða þarf viðgerð á viðarklæðningu vestan megin.

5. Önnur mál.

Formaður upplýsir stjórn um að búið sé að boða formannafund RKÍ á Akureyri 15.nóvember. Hægt er að koma með tillögur að dagskrármálum fram að 26.september.

Formaður upplýsir stjórn um að stjórn Rauða krossins hafi skipað nefnd til að halda utan um lagabreytingar á aðalfundi félagsins sem verður haldinn 9.maí 2026. Óskað er eftir að tillögur verði sendar á nefndina fyrir 1.október. Stjórn felur formanni að biðja um frest á skilum á athugasemdum fram yfir næsta stjórnarfund.

Fundarritari,
Eva Hrund Einarsdóttir

Undirritunarsíða

Formaður
Þorsteinn Kristinn Björnsson

Varaformaður
Kristín Björk Gunnarsdóttir

Meðstjórnandi
Kristjana Valdey Valgeirsdóttir

Meðstjórnandi
Eva Hrund Einarsdóttir

Lárus Hafsteinn Sigurðsson

Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir